

## T I L L A G A

til þingsályktunar um sóknasamband.  
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Stefáni Magnússyni, Sigurði Árna Þórðarsyni, Geir Waage, Einari Karli Haraldssyni, Ragnheiði Magnúsdóttur, Marinó Bjarnasyni, Birgi Rafni Styrmissyni, Ólafi B. Valgeirssyni og Þórunni Júlíusdóttur  
Frsm. Steindór R. Haraldsson

Kirkjuþing 2016 samþykkir að fela kirkjuráði að hefja undirbúning að stofnun sambands sókna í þjóðkirkjunni. Ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf til að kynna hugmyndina fyrir sóknarnefndum og undirbúa stofnfund sem haldinn yrði að vorið 2017.

### *Greinargerð.*

Sóknin er ein af grunnstoðum þjóðkirkjunnar. Í því umhverfi sem þjóðkirkjan er í þessi misserin er nauðsynlegt að sóknir þjóðkirkjunnar taki höndum saman og stofni með sér samband líkt og kirkjugarðsstjórnir hafa gert. Þörf er á sterkri sameiginlegri rödd sóknanna í landinu gagnvart stjórnvöldum til gæslu sameiginlegra hagsmuna en fleira kemur til. Sóknir þjóðkirkjunnar voru alls 267 þann 31. des. 2015, þær eru ólíkar að stærð allt frá því að vera rúmlega 13 þúsund manna sóknir þær fjölmennustu í það að telja nokkra tugi sóknarbarna. Vegna þessa er ljóst að sóknirnar hafa mismunandi möguleika á því að sinna því kirkjulega starfi sem þeim er ætlað í lögum og starfsreglum. Þess vegna telur flutningamaður þýðingarmikið að komið verði á fót sóknasambandi til þess meðal annars að:

- a) efla samstarf sóknarnefnda og starfsmanna þeirra,
- b) gæta hagsmuna sókna/safnaða á sviði fjármála gagnvart stjórnvöldum,
- c) gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu sókna/safnaða, í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra,
- d) ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Til að koma þessu verkefni að stað er nauðsynlegt að ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf til að kynna hugmyndina fyrir sóknarnefndum og undirbúa stofnfund sem haldinn yrði að vori 2017.